

séu liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 24. júní 1918.

Nr. 93/1917.

Björn Lindal fyrir hönd
Ólafs Tryggvasonar
gegn
Árna Jónatanssyni og
Valgeiri Arnasyni.

D ó m u r :

Máli þessu var með landsyfirréttardómi, uppkveðnum 2. okt. 1916, vísað heim til dómsáleggingar um efni þess, og hefir samkvæmt því verið kveðinn upp efnisdómur í málinu í aukarétti Eyjafjarðarsýslu 29. maí f. á. á þá leið að hinir stefndu Árni Jónatansson og Valgeir Arnason voru sýknaðir af öllum kröfum áfrýjanda Björns Lindals fyrir hönd Ólafs Tryggvasonar og hann dæmdur til að greiða þeim 20 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 12. nóv. f. á.

Það er efni málsins, að með bréfi dags. 17. apríl 1914, þingl. 22. maí s. á. afsalaði stefndi Árni Jónatansson, bóndi á Auðbrekku í Skriðuhreppi, syni sínum stefnda Valgeiri Arnasyni til eignar nefnda jörð Auðbrekku með hjáleigunni Bláteig, gegn því að

Valgeir tæki að sér að sjá um greiðslu á skuldum þeim, er á jörðinni hvildu, samtals 3005 kr., en án frekara endurgjalds, en hjáleiguna hafði Árni byggt Ólafi Tryggvasyni bónda í Dagverðartúngu með byggingarbréfi dags. 7. ágúst 1909 og sat Ólafur enn í þeirri byggingu, þegar afsalið fór fram. Með afsalinu taldi Ólafur brotin á sér lög um forkaupsrétt leiguliða 20. okt. 1905, þar sem honum hafði eigi verið gerður kostur á að neyta forkaupsréttar síns, eins og lögin mæla fyrir, og fól hann Birni Línal yfirréttarmálaflutningsmanni að reka réttar síns í því efni. Höfðaði þá Línal þetta mál og voru kröfur hans fyrir aukaréttinum þær, að sala jarðarinnar Auðbrekku »ásamt hjáleigunni Bláteig« til Valgeirs Árnasonar samkvæmt afsalsbréfi 17. apríl 1914 verði dæmd ógild gagnvart Ólafi Tryggvasyni, og honum tildæmd jörðin með hjáleigunni ásamt öllu því, er fylgt hefir, fyrir sama verð og með sömu borgunarskilmálum og þar greinir, en til vara, verði svo litið á að Bláteigur sé sérstök jörð, að sala þessarar jarðar verði dæmd ógild og hún tildæmd Ólafi Tryggvasyni fyrir hlutfallslegan hluta þess verðs, er Auðbrekka og Bláteigur voru báðar seldar fyrir miðað við hundradatal eða til vara eftir dómkvaddra manna mati. Einnig krafðist áfrýjandi skaðabóta af Árna Jónatanssyni samkvæmt mati dómkvaddra manna fyrir tjón það, er Ólafur Tryggvason hefði beðið við það að honum var synjað forkaupsréttarins, og enn fremur 50 kr. skaðabóta af Árna fyrir það að hann hefði meinað Ólafi afnot Bláteigs 1914, og að þetta hvorttveggja kæmi til frádráttar af kaupverði ofan-

greindra jarða eða jarðar, og loks krafðist áfrýjandi málskostnaðar að skaðlausu eftir reikningi eða mati réttarins.

Þessum sömu kröfum hefir áfrýjandi haldið fram hér fyrir réttinum, svo og krafist málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Af hálfu hinna stefndu er krafist staðfestingar á dómnum og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að málið hafi verið of seint höfðað og að því hafi eigi verið framhaldið með hæfilegum hraða eins og fyrir er mælt í 6. gr. fyrnefndra laga. Það er eigi sannað að Ólafur Tryggvason hafi fengið vitneskju um afsal jarðanna fyr en það var þinglesið á manntalsþingi 22. maí 1914, en sáttakæra í málinu var birt 21. nóv. s. á. og sáttafundur haldinn 3. desbr. og var þá er málið var kært til sáttafundar eigi liðinn frestur sá, sem ákveðinn er í tilvitnaðri lagagrein, og málið því nægilega snemma höfðað. Eftir það var málinu stefnt fyrir aukarétt Eyjafjarðarsýslu með stefnu dags. 11. maí 1915 til fyrirtektar að afloknu manntalsþingi að Staðartungu, er síðan yrði auglýst, og síðan var það dómfest á manntalsþinginu 15. júní s. á.

Það verður nú eigi talinn hæfilegur hraði á rekstri þessa máls að réttarstefna í því var eigi útgefin fyr en rúmum 5 mánuðum eftir sáttafundinn, og með því að áfrýjandi hefir eigi fært neinar gildar ástæður til afsökunar þessum drætti, verður að lita svo á, að hann hafi eigi fullnægt áminstu fyrirsmæli laganna, og hafi fyrir því glatað rétti sínum til þess

að átelja afsalsgjörninginn 17. apríl 1914 milli hinna stefndu. Það ber því að sýkna þá af kröfum áfrýjanda í þessu máli. Og með því að niðurstaðan þannig verður hin sama og í aukaréttardómnum og yfirdómurinn felst á málskostnaðarákvæði hans, má staðfesta nefndan dóm.

Málskostnað fyrir yfirdómi ber áfrýjanda eftir þessum úrslitum að greiða hinum stefndu og ákveðst hann 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi Björn Lindal fyrir hönd Ólafs Tryggvasonar greiði stefndu Árna Jónatanssyni og Valgeiri Árnasyni 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum ber að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 1. júlí 1918.

Nr. 92/1917.

Páll Magnússon, Runólfur
Stefánsson og Sigurður
Jónsson
gegn
Guðmundi Kristjánssyni
Péttri P. J. Gunnarssyni og
Þórði Guðmundssyni.